

11. fundur 22. febrúar 2021

Dagskrá:

1. Ársreikningur FVSA 2020
Hermann Brynjarsson frá Enor fór yfir og skýrði ársreikninginn . Þá samþykkti stjórnin 20.000.000 kr. framlag úr félagssjóði í orlofssjóð. Síðan svaraði Hermann fyrirspurnum fundarmanna. Var reikningurinn samþykktur samhljóða.
2. Aðalfundur FVSA
Aðalfundur verður mánudaginn 1. mars. Boðið verður uppá fjarfund og staðfund í sal Hængs á 4. hæð Skipagötu 14.
3. Rekstur orlofshúsa.
Farið var yfir rekstur orlofshúsa í Rvk árin 2019 og 2020 með tilliti til niðurgreiðslu á rekstrinum af hálfu félagsins. Var staðan skoðuð m/v leigutekjur á móti útgreiddum rekstargjöldum. Samþykkt að skoða kaup á íbúð í Rvk.
4. Fjárfestingarstefna FVSA 2021
Samþykkt framlögð fjárfestingarstefna.
5. Inneignarbréf frá AirlcelandConnect
Nokkur umræða var um bréfin þar sem þetta er komið undir Icelandair og ákveðið að skoða málin um mitt ár varðandi framhaldið.
6. Önnur mál
Rætt var um að fara úttektarferð til Illugastaða og skoða, með tilliti til framkvæmda í eldhúsum ofl.
Þá var samþykkt að lána félagsmönnum, fv. starfsmönnum Ásprents – Stíls, sem varð gjaldþrota á dögnum, ca 50% janúarlauna þar til uppgjör kemur frá Ábyrgðasjóði launa.

Fleira ekki gert og fundi slitið.